

Eyjafjarðarsveit
b/t Vigfús Björnsson
Skólatröð 9
601 Akureyri

Reykjavík 24. júní 2019
UST201906-182/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Syðra-Brekkukot - Hörgársveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustu í landi Syðra- Brekkukot í Hörgársveit.


Í erindinu kemur fram að deiliskipulagstillagan gengur út á að gert er ráð fyrir byggingu þriggja frístundahúsa til skammtímaleigu auk þjónustuhús í landi Syðra- Brekkukot sem er landbúnaðarland.

Gisting á landbúnaðarlandi

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvort að fyrirhuguð starfsemi fari saman við landbúnaðinn sem er nú þegar til staðar á jörðinni.

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.13 að við staðsetningu mannvirkja sem eru óháð búrekstri viðkomandi jarðar, svo sem atvinnuhúsnæðis, íbúðar- eða frístundahúsa, skal þess gætt að notkun þeirra og starfsemi sú sem er á jörðinni geti farið saman.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur